



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur  
Dagur B. Eggertsson  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Kópavogur, 1. desember 2022  
Málsnr. 1910010/PBG/HH

### Efni: Starfs- og fjárhagsáætlun SSH

Á aðalfundi SSH sem haldinn var 18. nóvember sl. var eftirfarandi bókað í fundargerð vegna starfs- og fjárhagsáætlunar SSH:

#### **Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 lögð fram til samþykktar**

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 er aðgengileg í fundargögnum.  
Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2023.

#### **Tillaga um árgjald 2023**

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 18. nóvember 2022 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2023 til samtakanna verði 156 kr. á hvern íbúa.

*Tillagan samþykkt samhljóða.*

...

*Starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2023 samþykkt samhljóða.*

Í 7. gr. samþykpta sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna skuli afgreiddar á aðalfundi og staðfestar í sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaganna.

Meðfylgjandi er starfs- og fjárhagsáætlun SSH vegna ársins 2023 og er samkvæmt framansögðu óskað staðfestingar á henni. Þess er óskað að upplýsingar um afgreiðslu þessa berist á netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is).

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

Starfs- og fjárhagsáætlun SSH 2023  
Tillaga um árgjald samþykkt á aðalfundi 2022  
Fundargerð aðalfundar SSH 2022



**Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu  
(SSH) fyrir árið 2023.**



Starfssemi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur verið eflað á undanförunum árum og á árinu 2023 verður starfssemi samtakanna eflað enn frekar og byggð áfram upp á þeim grunni sem fyrir er.

Hlutverk og markmið SSH liggja fyrir og eiga að endurspeglar dagalega starfssemi samtakanna:

### **Hlutverk og markmið SSH**

- Að vera vettvangur samráðs og samstarfs aðildarsveitarfélaganna, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og vera sameiginlegur málsvari þeirra.
- Að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Að vinna að framþróun til hagsældar fyrir íbúa svæðisins.
- Að hafa frumkvæði að vöktun, greiningu, umræðu og kynningu á málum sem stuðla að eflingu sveitarfélaganna og höfuðborgarsvæðisins í heild.
- Að fylgjast með nýjungum á sviði sveitarstjórnarmála jafnt innalands sem erlendis og miðla þeim til aðildarsveitarfélaganna.
- Að standa fyrir reglubundnu samráði við ríkisvaldið, ráðuneyti og stofnanir um málefni er varða hag sveitarfélaganna og vinna með þeim hætti að framþróun og hagsmunum höfuðborgarsvæðisins.

### **Helstu verkefni á árinu 2023.**

Með ofangreind markmið að leiðarljósi er það vilji stjórnar SSH að efla vettvanginn enn frekar og þá með áherslu í átt til öflugri hagsmunagæslu fyrir höfuðborgarsvæðið. Í því ljósi ákvað stjórn árið 2019 að fjölga í starfsliði samtakanna til að styrkja vinnu og mótun leiða til að ná betur fram markmiðum samtakanna. Með þessari ráðstöfun hefur orðið til öflugri verkefnastjórnun, betri stefnumótun í þeim málaflokkum sem sveitarfélögin vinna sameiginlega að, ásamt aukinni greiningu og frumkvæði er varða hagsmunamál sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2022 var ráðinn hagfræðingur í sumarstarf. Reynslan af því starfi hefur verið metin góð m.a. er varðar tölfraðilega vinnslu gagna. Mat á árangri verkefninu stendur yfir en skoða mætti að byggja frekar á verkefnamiðaðum greiningum frekar en að vera með hagfræðing í föstu starfi.

Á árinu 2022 verður lokið verkefnum svo sem er varðar nýja heimasíðu ásamt uppbygging aðgengis að samfélagsmiðlum o.fl. Markmiðið með því er að koma upplýsingum og áherslumálum SSH á framfæri með skilvirkari hætti en áður. Á árinu 2021 var fjárfest í sérstöku fundarkerfi (ONE) til þess að auka aðgengi og öryggi gagna á þeim fundum sem eru haldnir eru vettvangi SSH. Með þeirri ráðstöfun verður einnig aukið aðgengi að fundargögnum, bæði kjörinna fulltrúa og almennings. Frekari þróun á nýrri heimasíðu og rafrænum aðgengismálum verða þróuð frekar á árinu 2023.

### **Skipulag og samgöngur**

Samkomulag við ríkið um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu var undirritað 26. september 2019. Eftirfylgni með því verkefni var mikil á árinu 2020 og nú hefur félagið um framkvæmdirnar, Betri Samgöngur ohf, verið stofnað. Gert er ráð fyrir áframhaldandi eftirfylgni SSH á efnisatriðum samgöngusáttmálans á árinu 2023 líkt og á árinu 2022.



Vinna við framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins heldur áfram á árinu 2023 og verður það í höndum nýrrar svæðisskipulagsnefndar sem var skipuð í kjölfar kosninga vorið 2022 að afgreiða erindi sem henni berast sem og vinna að einstaka verkefnum sem varða framfylgd svæðisskipulagsins.

Í byrjun árs 2022 fól nefndin svæðisskipulagsstjóra að uppfæra þróunaráætlun sem hafði verið samþykkt í byrjun árs 2021. Vinnan fólst í að telja og taka saman fjölda íbúða í samþykktu skipulagi sveitarfélaganna, ásamt því að telja fjölda íbúða sem voru í skipulagslegu ferli. Niðurstöður leiddu í ljós mikla fjölgun íbúða í samþykktu skipulagi sveitarfélaganna samanborið við fyrra ár.

Veturinn 2022 verður lokið við gerð leiðbeininga um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur, sem er samstarfsverkefni með Skipulagsstofnun. Leiðbeiningunum er ætlað að aðstoða sveitarfélög, íbúa og aðra hagaðila við að útfæra sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur innan sinna marka. Nefndin mun einnig taka þátt í kostnaði við ferðavenjukönnun sem verður framkvæmd við lok árs 2022 en ætla má að niðurstöður verði tilbúnar í byrjun árs 2023. Nefndin hefur einnig samþykkt að styrkja uppfærslu á leiðbeiningum um hönnun hjólastíga í samstarfi við Vegagerðina.

Á vegum samráðshóps um vatnsvernd- og vatnsnýtingu hefur verið unnið að reglubundinni uppfærslu grunnvatnslíkans ásamt því að unnið hefur verið að tillögum um fjölgun rannsóknarhola á Bláfjallasvæðinu. Mikilvægt er að samráðshópurinn starfi áfram og vinni að sameiginlegum verkefnum vatnsverndar og vatnsnýtingar. Sér í lagi er mikilvægt að hópurinn haldi vel utan um framkvæmdir við fjölgun rannsóknarhola sem áætlað var að færu fram á árinu 2022 en nú stefnir í að tafir verði á verkefninu fram til ársins 2023, sér í lagi vegna leyfismála.

#### **Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024.**

Unnin var ný sóknaráætlun fyrir árin 2020-2024 og tók áætlunin gildi frá 1.janúar 2020. Sóknaráætlun var unnin á grundvelli nýs samnings milli Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Áfram verða sterk tengsl á milli svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og verkefna sóknaráætlunar. Framkvæmdastjóri og svæðisskipulagsstjóri SSH hafa haldið utan um áhersluverkefni Sóknaráætlunar ásamt utanaðkomandi ráðgjöfum og er gert ráð fyrir því fyrirkomulagi áfram á árinu 2023.

#### **Byggðarsamlög og skíðasvæði.**

Áframhaldandi utnumhald og stuðningur við byggðasamlögin skv. eigendastefnu Strætó bs. og Sorpu bs.

Áfram verður unnið að verkefni um stjórnsýslulega stöðu byggðasamlaganna m.a. með aðkomu utanaðkomandi ráðgjafa. Stefnuráði hefur verið komið á og verður unnið á vettvangi þess á árinu 2023.

Áframhaldandi vinna og aðkoma að uppbyggingu og framkvæmdum á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.

#### **Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk.**

Fjögur sveitarfélög inna SSH endurgerðu samning sín á milli um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á árinu 2020 og unnið var að sameiginlegu útboði um rekstur ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk í umsjón Strætó bs. Á árinu 2023 verður hefðubundin eftirfylgni samkomulagsins á vettvangi SSH.

#### **Pverfaglegt samstarf; Samstarfshópar og nefndir.**

Á vettvangi SSH starfa nefndir og verkefnahópar sem gert er ráð fyrir að starfi áfram á árinu 2023.



### **Formlegar nefndir:**

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins sem byggir á ákvæðum skipulagslaga og er skipuð 2 fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi.

Skólamálanefnd SSH, en nefndina skipa fræðslustjórar aðildarsveitarfélaganna að Kjósahreppi undanskildum. Hún starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og er ætlað að vera samráðs- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna á sviði fræðslumála.

### **Viðvarandi samstarfshópar:**

Samstarfshópur velferðasviða.

Stýrihópur vatnsverndar og vantsnýtingar.

Fagráð svæðisskipulags.

### **Tímabundin samstarfs- / verkefnahópar:**

Verkefnahópur um framkvæmdir á skíðasvæðunum.

### **Önnur verkefni.**

Umsjón og framkvæmd á viðhaldi höfuðborgargirðingarinnar. Á árinu 2023 er gert ráð fyrir endurnýjun að hluta höfuðborgargirðingarinnar og áfram unnið að þróun á formlegri vörslu á því svæði sem höfuðborgargirðingin nær til.

## **Fjárhagsáætlun SSH 2023**

Fjárhagsáætlun SSH endurspeglar starfsemi samtakanna. Unnin er fjárhagsáætlun fyrir rekstur og fjárhag samtakanna og haldið er sérstaklega utan um þau verkefni í bókhaldi SSH sem unnið er að á hverjum tíma. Dæmi um slíkt bókhaldslegt utanumhald er kjarnastarfsemi SSH, starfsemi svæðisskipulags, sóknaráætlan og annara verkefna sem unnin eru á vettvangi og ábyrgð SSH til skemmri eða lengri tíma.

Á skrifstofu SSH starfa þrjú starfsmenn í 3,7 stöðugildum. Um er að ræða framkvæmdastjóra, svæðisskipulagsstjóra, lögfræðing og fulltrúa á skrifstofu sem sér um bókhald, afgreiðslu, vefsíðu ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Utanaðkomandi verkefnastjórar halda utanum hluta áhersluverkefna sóknaráætlunar og önnur verkefni sem ráðist er í. Þá er hluta af bókhalds- og launavinnslu útvistað.

Forsendur fjárhagsáætlunar eru þær helstar að gert er ráð fyrir því að almennir rekstrargjaldaliðir hækki um 4,9 % (neyslúvísitala) og laun samkvæmt gildandi kjarasamningum. Gert er ráð fyrir því að tekjur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækki milli ára og verði 42 millj. kr. Framlag sveitarfélaganna verði 156 kr. á hvern íbúa höfuðborgarsvæðisins á árinu 2023 og hækki úr 139 kr á hvern íbúa, frá fyrra ári m.v. verðlagshækkunar á árinu 2022 og áætlaðar verðlagsbreytingar á árinu 2023.

Á árinu 2022 hefur verið unnið að nýrri heimasíðu SSH og verður hún formlega sett á laggirnar á seinni hluta ársins. Verður hún þróuð áfram á árinu 2023.

Til umræðu hefur verið að efla starfsemi SSH enn frekar m.a. með fjölgun stöðugilda. Í því ljósi hafa komið fram hugmyndir um að ráða hagfræðing til SSH til þess að standa betur að greiningum og framsetningu þess efnis. Með því er verið að fylgja betur eftir hagsmunagæslu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og bregðast við umræðu um

málefni sveitarfélaganna á faglegri og kraftmeiri hátt. Með því yrði starfsemin eflað enn frekar eins og vilji hefur staðið til. Ljóst er þó að ekki verður farið í frekari ráðningar á árinu 2023 og þá frekar horft til sértækra greininga sem keypt verður með verktöku.



Á sama tíma er ljóst að slagkraftur samtakanna verður einnig að aukast í gegnum nútíma miðlun upplýsinga m.a. með því að útbúa efni og setja fram á samfélagsmiðlum og heimasíðu. Í þarfagreiningu nýrrar heimasíðu kom fram að mikilvægt er að halda vel utan um efni síðunnar og koma efninu mun markvissara á framfæri við markhópa og hagaðila.

Samantekið verður því á árinu 2023 tekið eitt skref í þá átt að efla greiningaþátt starfseminnar og á sama tíma efla virkni á netinu m.a. með nútímalegri heimasíðu og aukinni virkni á samfélagsmiðlum til að koma efni og áherslum samtakanna á framfæri.

Í töflu 1 má sjá skiptingu á framlögum sveitarfélaganna til SSH á árinu 2023 og í töflu 2 yfirlit yfir helstu verkefni SSH á árinu 2023.

Sveitarfélag	Áætlaður íbúafjöldi 1.des 2022	Hlutfall	Raun 2022	Áætlað 2023	Mismunur
Reykjavíkurborg	139.142	56,46%	18.862.161	21.497.918	2.635.757
Kópavogsbær	39.674	16,10%	5.422.390	6.129.770	707.380
Seltjarnarneskaupstaður	4.671	1,90%	656.219	721.686	65.467
Garðabær	18.799	7,63%	2.564.828	2.904.510	339.682
Hafnarfjarðarkaupstaður	30.493	12,37%	4.135.806	4.711.273	575.467
Mosfellsbær	13.365	5,42%	1.810.475	2.064.938	254.463
Kjósarhreppur	282	0,11%	34.194	43.570	9.376
	246.426	100%	33.486.073	38.073.665	4.587.592

Tafla 1. Áætlun um framlög sveitarfélaganna til SSH á árinu 2023

Verkefnakostnaður	Raunt.jan-júní	Fjárhagáætlun	Mismunur	Fjárhagáætlun
	Áætlun júlí-des.	2022		
Viðhald höfuðborgargirðingar	5.354.637	5.000.000	354.637	5.000.000
Endurnýjun hluta höfuðborgargirðingar				4.210.000
Sóknaráætlun - framlag	5.000.000	5.000.000		5.000.000
Annar verkefnakostnaður	1.957.665	2.000.000	(42.335)	2.000.000
Verkefni vegna byggðasamlaga	1.418.093	1.500.000	(81.907)	1.500.000
<b>Samtals</b>	<b>13.730.395</b>	<b>13.500.000</b>	<b>230.395</b>	<b>17.710.000</b>

Tafla 2: Áætlaður sérstakur verkefnakostnaður á árinu 2023.

Helstu niðurstöður eru þær að gert er ráð fyrir því að nokkur rekstarhalli verði á starfseminni á árinu 2023 en áætlaður halli verður fjármagnaður með handbæru eiginfé. Samandregna fjárhagsáætlun má sjá í töflu 3.



### SSH FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023

	Raunt. M01-09 áætlun M10-12	Fjárhagsáætlun 2022	Hlutfall af áætlun	Fjárhagsáætlun 2023
<b>TEKJUR</b>				
Árgjöld aðildarsveitarfélaganna	-33.486.073	-33.000.000	101%	-38.073.665
Framlag jöfnunarsjóðs	-38.932.848	-37.600.000	104%	-42.000.000
Aðrar tekjur	0	0	0%	0
<b>TEKJUR ALLS:</b>	<b>-72.418.921</b>	<b>-70.600.000</b>	<b>103%</b>	<b>-80.073.665</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>				
Laun og launatengd gjöld	50.647.547	49.362.732	103%	51.646.984
Húsnæðiskostnaður	6.099.629	7.162.652	85%	8.006.542
Skrifstofa, uppl. kerfi, fundakostn. o.fl.	18.328.711	20.772.710	88%	14.060.492
<b>Samtals rekstur skrifstofu</b>	<b>75.075.887</b>	<b>77.298.094</b>	<b>97%</b>	<b>73.714.018</b>
Hlutdeild ríkisins í sóknaráætlun	-2.830.520	-1.880.203		-2.830.520
Hlutdeild svæðisskipulags	-5.000.000	-5.000.000		-5.000.000
Hlutdeild tímab. verkefna	0			-279.931
<b>Samtals framlag til rekstrar</b>	<b>-7.830.520</b>	<b>-6.880.203</b>	<b>114%</b>	<b>-8.110.451</b>
<b>Nettó rekstur skrifstofu</b>	<b>67.245.367</b>	<b>70.417.891</b>	<b>95%</b>	<b>65.603.567</b>
<b>Verkefnakostnaður</b>	<b>14.185.395</b>	<b>13.500.000</b>	<b>105%</b>	<b>17.710.000</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>	<b>47.498</b>	<b>-100.000</b>	<b>0</b>	<b>47.383</b>
<b>HEILDARNIÐURSTAÐA</b>	<b>9.059.339</b>	<b>13.217.891</b>		<b>3.287.285</b>

Tafla 3: Fjárhagsáætlun SSH 2023.



Samtök sveitarfélaga  
á höfuðborgarsvæðinu

# Aðalfundur SSH 18. nóvember 2022

## **Tillaga til aðalfundar SSH:**

**Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 18. nóvember 2022 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2023 til samtakanna verði 156 kr. á hvern íbúa.**





## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ár 2022, föstudaginn 18. nóvember, var haldinn 46. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Fundurinn var haldinn í Félagsgarði, Kjósarhreppi og hófst með ársfundum byggðasamlaganna kl. 12:45. Aðalfundur SSH hófst svo kl. 14:30. Fundarmenn eru tilgreindir í meðfylgjandi nafnalista.

### **Petta gerðist:**

#### **Setning aðalfundar**

Almar Guðmundsson, bærarstjóri Garðabæjar og formaður stjórnar SSH, setti fund og bauð gesti velkomna. Hann stýrði kjöri fundarstjóra.

Fundarstjóri var kjörinn Jóhanna Hreinsdóttir oddviti Kjósarhrepps, hún tók við stjórn fundarins og stýrði kjöri fundarritara.

Fundarritari var kjörinn Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri Kjósarhrepps.

**Fram fara ársfundir byggðasamlaganna**, sjá fundargerð ársfundanna.

**Fram fara aðalfundarstörf** samkvæmt samþykktum SSH

#### **Lögð fram skýrsla stjórnar SSH um liðið starfsár**

Almar Guðmundsson formaður stjórnar SSH flutti skýrslu stjórnar um liðið starfsár. Ársskýrsla SSH er aðgengileg í fundargögnum.

Helga Jónsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi tók til máls undir þessum lið.

#### **Endurskoðaðir reikningar fyrir næstliðið almanaksár**

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH fór yfir framlagðan og endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2021.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

##### Rekstrareikningur:

Rekstrartekjur kr. 61.112.536  
Rekstrargjöld kr. 66.346.749  
Fjármunatekjur kr. -241.257  
Afkoma ársins kr. – 5.475.470

##### Efnahagsreikningur:

Eignir kr. 64.860.681  
Eigið fé kr. 15.848.475  
Skammtímaskuldir kr. 49.012.206  
Eigið fé og kuldir samtals kr. 64.860.681

Endurskoðaður ársreikningur 2021 er aðgengilegur í fundargögnum.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

## **Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 lögð fram til samþykktar**

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 er aðgengileg í fundargögnum.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2023.

## **Tillaga um árgjald 2023**

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 18. nóvember 2022 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2023 til samtakanna verði 156 kr. á hvern íbúa.

*Tillagan samþykkt samhljóða.*

## **Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins löggilts endurskoðanda**

Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

Lagt er til að skoðunarmenn verði: Heidi Björg Hilmisdóttir, Reykjavíkurborg og Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ. Lagt er til að endurskoðandi verði KPMG endurskoðun.

*Tillagan samþykkt samhljóða.*

*Starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2023 samþykkt samhljóða.*

## **Tillaga um nýjar samþykktir SSH lögð undir atkvæði**

Tillaga að nýjum samþykktum SSH er aðgengileg í fundargögnum.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynnir framlagða tillögu að nýjum samþykktum SSH og er tillagan lögð undir atkvæði fundarins.

*Tillagan samþykkt samhljóða.*

## **Létt kynning á helstu verkefnum SSH**

Starfsfólk SSH og verkefnastjórar einstakra samstarfsverkefna kynntu helstu verkefni samtakanna.

## **Önnur mál**

Alexandra Briem borgarfulltrúi í Reykjavík og Kjartan Magnússon borgarfulltrúi í Reykjavík tóku til máls undir þessum lið.

Kjartan Magnússon lagði fram eftirfarandi fyrirspurnir fyrir sína hönd og Mörtu Guðjónsdóttur, Björns Gíslasonar, Helga Áss Grétarssonar og Þorkels Sigurlaugssonar, borgarfulltrúa í Reykjavík.



## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

### 1. Fyrirspurn um Klapp, rafrænt greiðslukerfi Strætó bs.

Óskað er eftir greinargerð um Klapp, rafrænt greiðslukerfi Strætó bs. þar sem eftirfarandi spurningum verði m.a. svarað:

1. Hvenær var Klapp-greiðslukerfið tekið í notkun?
2. Hafa byrjunarörðugleikar vegna greiðslukerfisins verið leystir? Ef ekki, hvenær er áætlað að þeir verði að baki?
3. Hefur tekist að innleiða þá upplýsingaþjónustu, sem farþegum stóð til boða í Strætó-appinu, með farsælum og fullnægjandi hætti í Klapp-kerfið? Til dæmis upplýsingar um strætisvagna á ferð og tilkynningar til farþega?
4. Af hverju var sú leið farin að fella eldri strætómiða úr gildi skömmu eftir að nýtt greiðslukerfi var tekið upp og jafnvel áður en byrjunarörðugleikar vegna þess voru að baki? Hvað mælir gegn því að gömlu strætómiðarnir, sem keyptir voru í góðri trú, gildi mun lengur til að lágmarka óþægindi farþega vegna breytinganna? Af hverju er t.d. ekki miðað við fjögur ár, sem er almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda skv. lögum?
5. Ábendingar hafa borist um að þeir skannar, sem keyptir voru og settir í alla vagna vegna Klapp-greiðslukerfisins, séu hægvirkir. Stendur yfir vinna við endurbætur (uppfærslu) á þessum skönnum, er slík vinna fyrirhuguð eða verða keyptir nýir? Hefur kostnaður hlotist af endurbótum (uppfærslu) á umræddum skönnum og ef svo er, hver ber þann kostnað?
6. Eru áform uppi um að veita almennum greiðslukortum (debet- og kreditkortum) viðtöku í strætisvögnum í tengslum við umræddar breytingar?
7. Hversu margar athugasemdir frá farþegum hafa verið skráðar hjá Strætó bs. vegna innleiðingar Klapp-kerfisins og hver eru helstu umkvörtunarefni þeirra vegna breytinganna?
8. Byggist Klapp á viðurkenndum staðli/stöðlum í greiðslumiðlun og þá hverjum?
9. Á hvaða hugbúnaði byggist Klapp? Hvaða leið var farin við val og kaup á hugbúnaði? Er um að ræða hugbúnað, sem hefur að baki áralanga og farsæla reynslu í erlendum strætisvagnakerfum eða er um nýjan hugbúnað að ræða?
10. Af hvaða tegund eru skannar og annar tækjabúnaður Klappkerfisins? Hvaða leið var farin við val og kaup á tækjum? Er um að ræða tækjabúnað, sem hefur að baki áralanga og farsæla reynslu í erlendum strætisvagnakerfum eða er um nýja vöru að ræða?
11. Í júlí 2021 upplýsti framkvæmdastjóri Strætó bs. að heildarfjárfesting vegna fyrsta áfanga rafræna greiðslukerfisins væri um 320 milljónir króna. Hver er áfallinn kostnaður nú vegna þessa fyrsta áfanga og hver verður endanlegur kostnaður við hann samkvæmt áætlunum?

### 2. Fyrirspurn um kostnað vegna byggingar Gaju, gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu bs.:

Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um kostnað vegna byggingar Gaju, gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu. Óskað er vinsamlegast eftir því að þar verði gerð grein fyrir öllum kostnaði, sem fallið hefur til vegna stöðvarinnar, þ.m.t. kostnaði vegna galla, málaferla, viðgerðar og endurbóta, sem gerðar hafa verið á stöðinni eftir opnun hennar.



## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Spurt er hvort umræddum viðgerðum og endurbótum á stöðinni sé lokið? Ef svo er ekki, hver er þá áætlaður kostnaður vegna þeirra?

### **Formannsskipti**

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar tekur við formennsku í stjórn SSH af Almari Guðmundssyni bæjarstjóra Garðabæjar.

### **Fundarslit**

Regína Ásvaldsdóttir formaður stjórnar SSH sleit fundi.

Fundi slitið kl. 16:50

Þorbjörg Gísladóttir fundarritari



## Umsögn

**Efni:** Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2023  
**Viðtakandi:** Borgarráð  
**Sendandi:** Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Vísað er til bréfs Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), dags. 1. desember 2022, vegna tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og árgjaldi sveitarfélaganna til samtakanna.

Fram kemur að á 46. aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) sem haldinn var þann 18. nóvember 2022, og hófst með ársfundi byggðasamlaganna, hafi verið fjallað um starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og hún lögð fram til samþykktar. Þar var einnig lagt fram minnisblað með tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 sem var samþykkt samhljóða. Skv. samþykktum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skal hún staðfest af sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

Stjórn SSH lagði til við aðalfund að árgjald aðildarsveitarfélaga til samtakanna verði 156 kr. á hvern íbúa höfuðborgarsvæðisins á árinu 2023 og hækki úr 139 kr. á hvern íbúa frá fyrra ári miðað við verðlagshækkunir á árinu 2022 og áætlaðar verðlagsbreytingar á árinu 2023. Var tillagan samþykkt samhljóða. Tillagan er afgreidd af aðildarsveitarfélögum með samþykkt fjárhagsáætlunar.

Sá kostnaður sem fellur á Reykjavíkurborg miðast við hlutfallsskiptingu íbúafjölda þann 1. desember 2022 og er 56.46% eða sem nemur 21.497.918 m.kr. fyrir árið 2023. Fyrir árið 2022 var gjaldið 18.862.161 m.kr. Ekki var gert ráð fyrir þessari hækkun í frumvarpi að fjárhagsáætlun og þarf því að gera viðauka til að mæta því sem út af stendur eða um 2,6 m.kr. Hækkunin nemur rúmlega 12% sem er langt umfram þá 5,6% hækkun sem Reykjavíkurborg reiknar með vegna verðtryggðra samninga. Bent er á að betur færi á því að upplýsingar um gjald til SSH kæmi fyrr til sveitarfélaga svo að gera megi ráð fyrir hækkun á milli ára, ef einhver er, í fjárhagsáætlun.

*Halldóra Káradóttir,*  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs